

GEIMÁLFURINN FRÁ VARSLYS

Lífsleikninámsefni um slys & slysavarnir - **6. hefti**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Umferðin

Unnur María Sólmundardóttir



**Geimálfurinn frá
Varslys:**

1. Brotlending
geimálfisins
2. Merkjalandið
Ísland
3. Rafmagn og
opinn eldur
4. Ár, höf og vötn
5. Efnin í
umhverfinu
6. Umferðin

Útgefandi:
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Höfundur námsefnis:
Unnur María
Sólmundardóttir

Grafísk hönnun:
Lóa Dís Finnsdóttir

Ljósmyndir:
Hreinn Magnússon
Rauði kross Íslands
sigosig
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Reykjavík 1. útgáfa
2004



Umferðin á Íslandi

Hæstvirta Stjórnuráð! Hér kemur lokaskýrslan um veru mína á plánetunni Jörð. Hún er um **samgöngukerfi** jarðarbúa sem oft á tíðum er nokkuð sérkennilegt.

Geimskip eru sjaldséð á plánetunni og til að komast á milli staða nota þeir önnur úrræði. Sem dæmi má nefna svokallaðar bifreiðar, reiðhjól og hlaupahjól, auk þess sem þeir ganga auðvitað. Þetta gerir það að verkum að **umferðarmenningin** er gjörólík okkar og ferðamátanum fylgir annars konar slyshætta en sú sem við eigum að venjast.

Farartækin kalla jafnframt á aðrar aðstæður en við notum í fluginu. Mennirnir hafa því lagt sérstakar **akbrautir**, samið umferðarreglur og hannað margar tegundir af umferðarmerkjum. Einnig hafa þeir, af mikilli hugvitssemi, hannað og framleitt nauðsynlegan öryggisbúnað til að draga úr slysum á fólki í umferðinni.

Í viðleitni til að komast aftur heim var ég auðvitað mjög spenntur að kanna möguleika þessara farartækja og allt sem þeim fylgdi. Það var margt sem ég átti ólært enda óvanur umhverfi þar sem mörg farartæki ferðast um í sömu hæð.



- ★ *Hvenær kom fyrsti bíllinn?*
- ★ *Hvernig ferðuðust Íslendingar á milli staða áður en bíllinn kom?*
- ★ *Nefndu fleiri samgöngutæki en bíla.*
- ★ *Hvað er hægri-umferð?*
- ★ *Hvaða hættur steðja helst að þeim sem hefur aldrei kynnst bílaumferð?*

Umferðarfræðsla

★ Er nauðsynlegt að hafa umferðarfræðslu?

★ Hverjir fara í Umferðarskóla Ungra vegfarenda?



★ Hvað gerir Lúlli löggubangsi?

★ Hve margir hafa kynnst umferðarfræðslu Siggú og skessunnar?

★ Hver er Elli eldflugan?

www.eldflugan.is



Frá unga aldri fá jarðarbúar umferðarfræðslu og því vita börn og unglingar ýmislegt um umferðina. Til að kynna mér málin heim sótti ég nokkra staði og aflaði upplýsinga sem við getum stuðst við í flugumferðarfræðslunni á Varslyss.

Hér eru einmitt myndir af mér með löggubangsa og tröllskessu sem vinna að því að fræða unga jarðarbúa um umferðina. Tröllskessan minnti mig þínulítið á „3?od2Ns6z6“ sem lifa á hálendi Varslyss enda átti ég eftir að komast að því, kæra Stjórnuráð,

að ýmislegt er skylt með íbúunum á plánetunum tveimur.

Margar ástæður eru fyrir því að mannabörn fara sér að voða í umferðinni. Þær má meðal annars rekja til þess að með vaxandi umferð á Jörðinni aukast hættur. Börnin eru óvön umferðinni og hafa ekki öðlast nægan þroska til að vara sig á hættum. Einnig eiga ökumenn og aðrir vegfarendur erfitt með að sjá börnin vegna þess hve smávaxin þau eru.

Ég varð mjög hissa þegar mér var sagt að 6 ára gamalt barn átti sig ekki á fjarlægð og hraða bíls. En það er mjög mikilvægt þegar farið er yfir götu og einnig að venjulegur jarðarbúi hafi ekki þroska til að meta og takast á við hættur í umhverfinu fyrr en við 10-12 ára aldur. En það var margt fleira athyglisvert sem ég komst að og þið getið lesið nánar um í fylgigögnunum.





★ Hvað þýða þessi merki?



Verkefni 1

Geimálfinn vantar upplýsingar um umferðarþekkingu grunnskólanemenda til að kynna fyrir Stjórnuráði sínu. Skrifaðu ritgerð um allt sem þú hefur lært um umferðina og vistaðu inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Ungir í umferðinni*.

Verkefni 2

Geimálfurinn hefur aldrei kynnst umferðarmenningu okkar og er því í sömu sporum og lítil börn. Aðstoðaðu hann við að svara spurningum sem hann er að velta fyrir sér?

- 1) Af hverju er litlum börnum sérstaklega hætt í umferðinni?
- 2) Hvernig getum við aukið öryggi lítilla barna í umferðinni?
- 3) Af hverju er hættulegt að leika sér fyrir aftan kyrrstæðan bíl?

Verkefni 3

a) Ólíkar hættur steðja að okkur í umferðinni eftir aldri. Gerðu tímaás sem sýnir hvaða slyshættur þetta eru og á hvaða aldri okkur stafar helst hættu af þessu tagi.

b) Færðu eftirfarandi upplýsingar inn á tímaásinn.

9 mánaða: Ég get fengið hjólreiðahjálms sem hentar mér.

7 ára: Ekki má lengur reiða mig á hjóli.

12 ára: Ég má hjóla án fylgdar í umferðinni.

15 ára: Ég má reiða börn yngri en 7 ára.

17 ára: Ég má taka bílpróf.

Umferðarmerkingar

★ Hvað eru merkja-flokkarnir margir? Hvað heita þeir?

★ Til hvers eru yfirborðsmerkingar?

★ Hvað er vegstika, gátskjöldur, undirmerki og bráðabirgðamerki?

★ Þegar mörg umferðarmerki standa saman gefur það þeim aukna þýðingu. Hvað táknar þessi merkjasamsetning?





Á Jörðinni er mikið um merkingar eins og ég hef áður komið inn á og er umferðin ekki undanskilin. Umferðarmerki eru víða fest á staura, **yfirborðsmerkingar** málaðar á götur og borðar og keilur notaðar til að afmarka ákveðin svæði til lengri eða skemmri tíma. Gott dæmi um það er slysavettvangur og vinnusvæði.

Mikið ber á umferðarmerkjunum á Jörðinni og þau eru margvísleg að lit og lögun. Mér fannst óþægilegt að vita ekkert um merkin og einsetti mér að læra allt um þau. Ég sé ýmsa möguleika á notkun þeirra hér á Varslys, kæra Stjórnunaráð, ekki síst þar sem flugumferð geimkríla til og frá „9N4v6s5S-N2þ“ er mikil.

Mennirnir eru duglegir að setja upp merki og úrræði sem auðvelda **hreyfihömluðu, heyrnar-skertu** og **blindu** fólki að komast um í umferðinni. Þó vegfarendur á Jörðinni mættu taka meira tillit til þessara **þjóðfélagshópa**. Sumir jarðarbúar leggja bílum sínum í stæði merkt fötluðum og aðrir leggja upp á gangstétt. Hvort tveggja er óþægilegt fyrir hreyfihamlað eða blint fólk og getur jafnvel reynst slysaöldra.





Verkefni 4

Geimálfurinn vantar upplýsingar um yfirborðsmerkingar. Aðstoðaðu hann við að ljúka verkefnablaðinu *Stenslað á steypurenning*.

Verkefni 5

a) Leystu umferðarmerkjaþrautina sem geimálfurinn bjó til úr bannmerkjum. Hvað þýða þessi merki? Eru þau nauðsynleg?

b) Búðu til þraut úr **boðmerkjum** og leggðu fyrir bekkjarfélag þína.

Verkefni 6

Geimálfurinn kannaði hve vel íslensk börn þekkja umferðarmerkin. Niðurstaðan var nokkuð ruglingsleg. Aðstoðaðu hann við að ráða í vísbendingarnar á verkefnablaðinu *Merkjarannsóknin*.

Verkefni 7

Á verkefnablaðið *Merkjasamsetningar* hefur geimálfurinn tekið saman nokkur dæmi til að sýna Stjórnuráði Varslyss. Því miður dattu umferðarmerkin út og verkefni þitt er að teikna þau aftur inn.

Verkefni 8

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Blindrafélagið og Sjálfsbjörg efna til verðlaunasamkeppni um bestu teiknimyndasöguna. Sagan á að fjalla um það hvernig við getum tekið tillit til blindra og hreyfihamlaðra og stuðlað að öryggi þeirra í umferðinni.



★ Hvað merkir að vera hreyfihamlaður?

★ Hvernig er hægt að auka öryggi fatlaðs fólks í umferðinni?

★ Hvernig getum við aðstoðað blinda og heyrnarskerta í umferðinni?

★ Hvað tákna merkin?





★ *Hvernig virka ljósastýrð gatnamót?*

★ *Nefndu 4 ólíkar tegundir umferðarljósa.*

★ *Hvað þýðir gult blikkandi ljós á gatnamótum? En rautt blikkandi ljós? En blátt?*

★ *Hvað þýðir þetta viðvörðunarkerki?*



Það er mikið að læra þegar umferðarmerki og umferðarljós eru annars vegar, kæra Stjórnuráð, og mikilvægt að fara vel eftir þeim því annars er hættu á að illa fari. Það má til dæmis aldrei breyta merkingum, eyðileggja þær eða færa til.

Ég uppgötvaði það reyndar eftir að hafa brotið af mér. Ég hafði fundið fína staura á víðavangi sem enginn virtist eiga. Sem **umhverfisverndarsinni** fannst mér tilvalið að hreinsa svolítið til svo ég dröslaði þeim heim og nýtti við heimilishaldið.

Seinna frétti ég að bíll hefði lent utan vegar á þessu svæði og fjórir



jarðarbúar, sem voru farþegar í bílnum, slösuðust. Lögreglan lýsti eftir vitnum því stuttu áður hafði sést til **ófrýnilegs** náunga í álpappír stela keilum sem afmörkuðu hættulegan vegarkafli með þessum afleiðingum. Honum var lýst sem sérlega ófríðum og sennilega mjög hættulegum.

Þegar ég komst að því að tíma-setningin passaði við mig varð ég þínu móðgaður yfir lýsingunni og fannst vitnið nokkuð **dómhart** enda var mér kennt að dæma ekki eftir útlitinu. Svo viku særindin fyrir vanlíðaninni yfir því að hafa valdið slysi því hér var auðvitað um algjört óviljaverk að ræða.



Um svipað leyti hafði ég verið staðinn að því að fíkta í forvitnilegum „S6ææ6sS62N2þ“ og sagt að það væri varasamt uppátæki. Auðvitað vissi ég ekki hvers vegna enda á þeim tíma ekki búinn að tengja saman að „S6ææ6sS62-

N6NzwN“ stjórnðu umferðarljósunum á svæðinu! Þetta kenndi mér að láta í friði hluti sem ég þekki ekki eða hef lítið vit á. Þótt forvitni mín og uppátækjasemi skaði ekki sjálfan mig getur hún samt sem áður skaðað aðra.



- ★ *Hvernig geta dýr skapað slyshættu í umferðinni?*
- ★ *Hvernig er hægt að fyrirbyggja umferðarslys af völdum dýra?*
- ★ *Hvað þýða þessi merki? Hvers þarf að gæta þar sem þau eru staðsett?*



Verkefni 9

a) Stundum gerum við eitthvað rangt í umferðinni vegna þess að við vitum ekki betur og dýrin eru engin undantekning. Hvað gera kindurnar á myndinni rangt? Hvað gæti gerst? Hvað væri betra að gera?

b) Semdu forvarnarsögu um persónu sem gerir ýmislegt rangt í umferðinni. Útskýrðu hvað gæti gerst og hvað væri betra að gera undir þessum kringumstæðum. Vistaðu söguna inn á Hugarflugsdiskinn undir heitinu: *Álfur á ferð*.



Gangandi vegfarendur

★ *Hvernig er öruggast að ganga meðfram götu þar sem engar gangstéttir eru?*

★ *Hvernig er öruggast að fara yfir götu þar sem engar gangbrautir eru?*

★ *Af hverju er hættulegt að fara út á götu milli tveggja kyrrstæðra bíla?*

★ *Hvernig getum við verið kurteis og tillitssöm í umferðinni?*

★ *Hver er munurinn á þessum merkjum?*



Segja má að fyrstu dagarnir á plánetunni hafi verið mér hættulegastir hvað umferðina varðar. Margt forvitnilegt bar fyrir augu, ég var mjög upptekinn af tungumálinu og lifnaðarhátum manna.

Ég hafði enga hugmynd um hættur tengdar bílum né hvernig ætti að umgangast þá.

Áður en ég gerði mér grein fyrir því að steypu renningarnir, sem lágu þvers og kruss um vistkerfið, væru akreinar fyrir bíla hafði ég notað þær sem hverjar aðrar göngubrautir.

Og þó ég hafi ekki skilið tungumál jarðarbúa strax veit ég betur í dag af hverju ökumennirnir voru alltaf að öskra á mig með handapati og látum.

Fljótlega lærði ég ágæta leið til að róa ökumennina. Hún fólst í því að fara eingöngu yfir steypurenningana þar sem hvít strík lágu þvert á þá. Furðuleg sérviska fannst mér.

Stundum voru bara alls engin strík og þá vissi ég ekkert hvernig ég átti að komast yfir.



Verkefni 10

Á netinu er að finna öll umferðarmerkin. Finndu og afritaðu á eitt skjal öll merki sem tengjast umferð gangandi vegfarenda. Skrifaðu við hvert og eitt hvað þau tákna og vistaðu skjalið á Hugarflugsdiskinn undir heitinu: *Gangandi vegfarendur*.



Áður en ég fékk bílprófið gekk ég mikið um, hjólaði og tók svokallaða almenningsvagna. Þeir eru ekki ósvipaðir „9u7?þ5zzws97-N2z2þ“ okkar. Þið eruð eflaust ekkert hissa á því, kæra Stjórnuráð, þó ég hafi villst nokkuð fyrstu dagana enda ekkert óalgengt að það gerist í nýju umhverfi.

Það er í sjálfu sér hættulítið að villast innanbæjar því Íslendingar eru almennt hjálpsöm þjóð. En á kvöldin þegar dimma tekur og í lélegu skyggni getur hættan á umferðarslysum aukist. Þá er nú betra að þekkja vel til vegar og velja öruggustu leiðirnar. Mennirnir hafa fundið ágætis ráð við myrkrinu og nota svokölluð

endurskinsmerki. Þetta eru lítil merki sem endurvarpa ljósi og geta bjargað mannlífum á **ögurstundu**. Eins og þið sjáið á þessari mynd þá birgði ég mig vel upp af þeim!



Verkefni 11

Hvernig er öruggast að haga sér í skólabíl og almenningsvögnum? Búðu til öryggisreglur fyrir þessi samgöngutæki og vistaðu inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Örugg í alfaraleið*.

Verkefni 12

Skólasystkini ætlar að heimsækja þig en ratar ekki. Teiknaðu uppdrátt af leiðinni og teiknaðu inn **kennileiti** sem auðvelda því að finna heimilið þitt, svo sem götuheiti, umferðarmerki, umferðarljós, undirgöng, vegstikur og fleira. Taktu fram ef almenningsvagnar eða skólabílar aka um svæðið og gerðu grein fyrir umferðarhættum sem leynast á leiðinni.



- ★ Hvaða öryggisþáttum þarf að huga að í og við skólabíla og almenningsvagna?
- ★ Hvar sjáum við endurskinsefni í umferðinni?
- ★ Hvernig virkar endurskinsefni?
- ★ Hvar er best að staðsetja endurskinsmerki?
- ★ Hvaða öryggisbúnaður er til fyrir gangandi vegfarendur?
- ★ Af hverju er stysta gönguleiðin ekki alltaf sú öruggasta?
- ★ Hvað tákna þessi merki? Hvaða merkjaflokk tilheyr þau?



Hjólandi vegfarendur

★ Á hvaða aldri þarft þú að vera til að mega reiða annan einstakling á hjóli?

★ Á hvaða aldri þurfa börn að vera svo reiða megi þau á hjóli?

★ Vissir þú að börn yngri en 12 ára mega aðeins hjóla á göngu- og hjólreiðastígum?

★ Hvað þýða þessi merki og úr hvaða merkja-flokki eru þau?



Víða er að finna sniðugar uppfinningar á Jörðinni og samgöngutæki eru þar ekki undanskilin. Mennirnir fundu upp hjól fyrir hundruðum ára og nýta það á margan hátt. Reiðhjól er eitt af þessum uppfinningum og fólk á öllum aldri ferðast um á þeim.

Það gilda þó ákveðnar umferðarreglur fyrir hjólandi vegfarendur og ef ég ætlaði mér að verða öruggur í umferðinni þurfti ég auðvitað að læra þær. Reyndar fór ég í gegnum gott hjólreiðanámsskeið hjá Slysavarnafélaginu

Landsbjörg og lærði heilmargt. Mér skilst að hver sá sem leysir þau verkefni geti fengið hjóla-skírteini líkt og ég fékk. Upplýsingar um námskeiðið eru í fylgigögnum og ég hvet ykkur, kæra Stjórnuráð, að skoða þau nánar.



Verkefni 13

Ólíkar umferðarreglur gilda fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Á verkefnablaðinu *Reglugerðaruglið* hafa þær lent í einni súpu. Flokkaðu þær eftir því hvaða vegfarendum þær eru ætlaðar.



Verkefni 14

Á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru upplýsingar um hjólanámsskeiðið sem Gígur tók. Leystu verkefnin og taktu hjólreiðaprófið. Af því loknu getur þú, með aðstoð kennara þíns, sótt um og fengið þitt eigið hjólaskírteini.



Mikilvægt er vera varkár þegar hjólað er í umferðinni en það er líka áriðandi að vera með réttan öryggisbúnað. Margt getur gerst á stuttum hjólreiðaferðum og bílar þurfa ekki endilega að vera nálægt til að slysi eigi sér stað.

Ungur jarðarbúi fékk að kynna því illilega þegar hjólið hans brotnaði og hann féll í götuna. Hann var ekki með hjólreiðahjálma og slasaðist töluvert, meðal annars í andliti. Jarðarbúinn var svo vinsamlegur að leyfa mér að sýna ykkur þessar myndir, kæra

Stjórnuráð, ef það gæti orðið til þess að fækka alvarlegum hjólreiðaslysum.

Það er gaman að geta sagt frá því að drengurinn hefur náð góðum bata en því miður sleppa ekki allir svo vel.

Þegar hann frétti að ég ætlaði að taka þessa skýrslu saman handa ykkur, kæra Stjórnuráð, bað hann mig að færa ykkur bréf sem finna má í fylgigögnum. Ég hvet ykkur og alla þá sem stunda hjólreiðar til að lesa það.



- ★ Af hverju er hvítt glitmerki framan á reiðhjólum en rautt að aftan?
- ★ Af hverju er mikilvægt að verja höfuð en útlími?
- ★ Á hjálum eru ýmist grænar eða rauðar spennur. Hver er munurinn?
- ★ Ekki má setja límmiða á hjólreiðahjálma. Hvers vegna ekki?
- ★ Þetta merki þýðir að hjálmur uppfylli lágmarkskröfur um öryggi. Er svona merki í þínum hjálmi?



Verkefni 15

Við getum lært margt af reynslu annarra. Lestu bréfið sem Gígur fékk frá unga jarðarbúanum. Hefði drengurinn getað komist hjá því að slasast? Ef þú hefur svipaða lífsreynslu sem þú vilt deila með geimálfinum þá geturðu sent honum tölvupóst á netfangið geimalfurinn@landsbjorg.is




★ Hverjar eru algengustu orsakir reiðhjólaslysa hjá börnum?

★ Hefur þú slysavarnahugmynd sem tengist umferð gangandi og hjólandi vegfarenda?



NKKG



Slysið vakti mig auðvitað til umhugsunar og ég lét það verða mitt fyrsta verk að kaupa hjálm. Það sem kom mér á óvart var að hjálmur er ekki bara hjálmur og það þarf að huga að ýmsu áður en búnaðurinn er keyptur. Meira um það í fylgigögnunum.

Áður en ég lýk samantektinni um hjálminn, kæra Stjórnuráð, langar mig að sýna ykkur skemmtilegan hjálmlás sem Anton Heiðar Þórólfsson sendi inn í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Talnalás er fastur við hjálm og

hjalmlásinn notaður til að læsa reiðhjólinu eftir notkun. Þannig gleymist hjálmurinn aldrei og einnig er búið að koma í veg fyrir að hjólinu verði stolið!

Eftir að ég náði tókum á reiðhjóli þóttist ég fær í flestan sjó og fjárfesti í hlaupahjóli, hjólabretti og línuskautum.

Það eru skemmtileg leiktæki sem rúlla áfram og jarðarbúar hafa náð mikilli leikni á þeim. En þetta er erfiðara en



Verkefni 16

a) Á verkefnablaðinu Öryggisbúnaður reiðhjóla sést hvaða búnaður á að vera á öllum reiðhjólum til að þau uppfylli lög og reglugerðir. Hvers vegna er þessi búnaður svona mikilvægur?

b) Tengdu rétt saman á verkefnablaðinu Hjálmur skiptir höfuðmáli. Hvaða fleiri atriði þarf að hafa í huga varðandi hjólréiðahjálma?

virðist í fyrstu. Jarðkrílin hafa slasast illa á höfði og útlimum, og jafnvel brotið í sér tennurnar ef þau hafa misst vald á tækjunum. Ég hef nú fengið nokkrar byltur á rúllutækjunum en oftast sloppið vel enda fékk ég mér strax tilheyrandi öryggisbúnað. Ég hef þó fengið einstaka mar og blóðnasir, og það er ekki þægilegt!



Við tannmissi er mikilvægt að bregðast fljótt við, því stundum er hægt að festa tönn aftur, ef ekki líður lengra en hálf tími frá slysinu. Skola þarf munn og stöðva blæðingu með því að stinga grisju eða hreinum tuskubút í sárið. Passa verður að taka ekki utan um rót tannarinnar sem dottið hefur, það getur skemmt hana. Gott er að geyma tönnina í mjólk þar til sá slasaði kemst til tannlæknis.



Verkefni 17

a) Bekknum er falið að skipuleggja rúllutækjamót sem geimálfurinn ætlar að standa fyrir á Varslys. Á kynningarveggspjaldi keppninnar þurfa eftirfarandi atriði að koma fram:

- 1) Hvernig á að velja línuskauta, hjólabretti og hlaupahjól?
- 2) Hvernig á að nota þessi leiktæki?
- 3) Hvernig viðhald þurfa þau?
- 4) Hvar má leika sér á þeim?

b) Hannaðu keppnisbraut fyrir hvert leiktæki og settu upp umferðarmerki á viðeigandi staði til að auka öryggi keppenda.



★ *Hvaða öryggisbúnaður er til fyrir hlaupahjól, hjólabretti og línuskauta?*

★ *Hvaða umferðarreglur gilda fyrir þá sem nota þessi leiktæki?*

★ *Hvaða slys eru algengust þegar þessi tæki eru annars vegar?*

★ *Hver er skyndihjálpin við blóðnös?*

★ *Af hverju er hættulegt að leika sér þar sem þetta merki er?*



Aðkoma að slysi

- ★ Hefur þú lent í bílslysi?
- ★ Hver eru rétt viðbrögð á slysstað?
- ★ Hvernig á að bjarga sér út úr bíl sem hefur fallið í á?



Ekki er langt síðan jarðarbúar fóru að nota bifreiðar í svo miklum mæli sem þeir gera í dag. Með aukinni umferð fjölgaði umferðarslysum sem árlega kosta mörg mannlíf. Eins og sést á þessum myndum, kæra Stjórnuráð, eru ökutækin vandmeðfarin.

Menn geta tekið ökuþróf þegar þeir ná 17 ára aldri en fram að því er margt sem þeir þurfa að tileinka sér sem farþegar í umferðinni. Til dæmis að nota réttan öryggis-

búnað, trufla ekki bílstjóra í akstri og fara réttum megin út úr bílnum.

Þótt ég teljist vel þjálfður flugálfur þá var ég ekki reyndur þegar kom að því að aka bifreið. Það sannaðist best í einni ferð af mörgum að eldgígnum, þar sem ég tók mér nafnið Gígur á sínum tíma. Ég lenti á hálkubletti, þeyttist langa leið utan vegar og lá ósjálfbjarga og slasaður þegar kunnuglegar verur nálgudust mig.

Í fyrstu hélt ég að þarna væri komin leitarsveit frá Varslys svo líkar voru þær okkur í útliti og hátterni. En í ljós kom að þetta voru fjarskyldir ættingjar okkar sem brotlentu á plánetunni Jörð fyrir þúsundum ára. Af mörgum ástæðum hafa þeir kosið að fara huldu höfði og því hafði ég ekki orðið þeirra var fyrir.



Jarðálfarnir báru mig að næsta **neyðarskýli** og gerðu að sárum mínum áður en þeir fluttu mig til byggðar sinnar. Þar dvaldist ég meðan sár mín greru og kynntist vel varðveittu leyndarmáli sem varð upphafið að því að ég komst aftur heim til Varslyss.

Þá sögu kannist þið vel við, kæra Stjórnuráð, en til upplýsingar fyrir komandi kynslóðir hef ég tekið þá svaðilför saman og læt fylgja lokaskýrslunni um veru mína á plánetunni Jörð. Einnig má finna samantekt um heimferðina á síðunni minni www.geimalfurinn.is en þar hef ég safnað saman margvíslegum gögnum, fræðslufni og leikjum sem tengjast lífsreynslu minni.

Það er ótrúlegt að vera kominn heim eftir allar hremmingarnar sem biðu mín þegar ég lagði af stað í saklausu geimrykssöfnunina á sínum tíma. Þegar horft er til

baka er ég þakklátur fyrir að hafa fengið að upplifa ævintýrið og kynnast jarðarbúum.

Kynnin hafa án efa gert mig að betri og **víðsýnni** geimálfi auk þess sem ég hef lært ógrynnin öll um slyss og slyssavarnir. Ég eignaðist einnig marga góða vini og hef reglulega skotist í heimsókn til að segja sögu mína enda ánægður ef lífsreynsla mín getur orðið til þess að draga úr slyssum á plánetunum tveimur.

Það er með gleði en þó ákveðnum söknuði sem ég slæ botninn í síðustu skýrsluna mína. Ég vil því ítreka í lokin, kæra Stjórnuráð, að ykkur hér á Varslys, jafnt sem vinum mínum á plánetunni Jörð, er velkomið að hafa samband við mig hvenær sem er. Ég kem til með að verða mikið á ferðinni en svara öllum tölvupósti sem berst á netfangið mitt geimalfurinn@landsbjorg.is.



★ *Til hvers er neyðarskýli?*





- ★ *Hvaða öryggisbúnaður er til fyrir farþega í bifreiðum?*
- ★ *Hvað er loftpúði og hvernig virkar hann?*
- ★ *Hvenær mega börn sitja í framsetinu?*
- ★ *Hvenær mega börn sitja á bílpúða í bifreiðum?*
- ★ *Af hverju er hættulegt að skilja lítil börn ein eftir í bílum?*

Að lokum óska ég ykkur öllum bjartar og slysalausrar framtíðar og kveð með orðunum:

„s?ús 5N2 5ææw zoSSaN2?-
7jþo?G þ5v 6vjoS Mj 9MN-
suo?zw þo 9úNwN3újju6 d62.
d6v S5æsS 5ææw z5þ6 6v
6??wN S6æw J7zR2þ s6þ6zG“

Virðingarfyllst
„jbj2N j5wþo?92N“



Verkefni 18

a) Öryggisbúnaður getur bjargað mannlífum þegar alvarlegt umferðarslys verður. Skoðaðu gátlistann *Örugg í umferðinni* og taktu út öryggi fólksbifreiðarinnar sem þú ferðast oftast með.

b) Flestir hafa lent í einhverjum slysum eða veikindum um ævina og bera ör eftir aðgerðir eða áverka. Á verkefnablaðinu *Áverkavottorðið* skaltu færa inn allt sem þú manst eftir. Hver er mesti hrakfallabálgurinn í bekknum?

c) Á verkefnablaðinu *Slysavarnasamningurinn minn* skaltu færa inn hvað þú getur gert til að taka ábyrgð á eigin öryggi í umferðinni. Að halda samninginn er sterkt vopn í baráttunni við umferðarslysin!

Verkefni 19

Þú ert gestastjórnandi í *Útvarpi Umferðarstofu* og tekur viðtal við mann sem lifði af hörmulegt bílslys. Skrifaðu fréttahandrit, taktu þáttinn upp á segulbandstæki og spilaðu fyrir bekkinn þinn.

Verkefni 20

Skráðu niður öll feitletruðu orðin í lesefninu og finndu hvað þau þýða. Þú getur bæði stuðst við alfræðiorðabók eða notað leitarvél á veraldarvefnum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar stuðninginn



Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi





**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901
skrifstofa@landsbjorg.is • www.landsbjorg.is